

**11. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
7. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Margrét Þóra Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Helga Gunnarsdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólapróunar og sérfræðibjónustu.

Fundargerð ritaði: Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1503281 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2015

Á fundinn mættu Margrét Þóra Jónsdóttir áheyrnafulltrúi leikskólastjóra og Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnafulltrúi starfsmanna leikskóla. Farið var yfir stöðuna á skráningu barna í sumarskóla leikskóla Akraneskaupstaðar. Skráning er góð og henni mun ljúka 10. apríl nk.

2. 1503100 - Launað námsleyfi

Umsókn hefur borist um launað námsleyfi frá leikskólakennara í Garðaseli vegna skólaársins 2015-2016.

Skóla- og frístundaráð getur ekki orðið við erindinu þar sem ekki er áætlað fjármagn í fjárhagsáætlun ársins í námsleyfi starfsmanna Akraneskaupstaðar.

3. 1503061 - Leikskólakennaranám - launað leyfi

Fyrirspurn hefur borist frá nemendum í leikskólakennarafræðum sem starfa við leikskóla á Akranesi um heimild til að sinna starfsnámi án launaskeröingar. Um er að ræða fjögurra vikna tímabil á vorönn 2015.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið en frestar afgreiðslu þess á meðan frekari upplýsinga er aflað og erindið verður tekið fyrir að nýju.

4. 1503165 - Tvöföld leikskólavist. Leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í undantekningartilvikum koma beiðnir til sveitarfélaga þar sem foreldrar sem hafa sameiginlegt forræði, óska eftir leikskóladvöl í tveimur sveitarfélögum. Foreldrar hafa þá komið sér saman um að barn dvelji til skiptist hjá foreldrum, oft víku í senn hjá hvoru þeirra. Þá vakna spurningar um hvernig beri að fara með leikskólagjaldið, eiga foreldrar að greiða tvöfalt leikskólagjald í báðum sveitarfélögum.

Skóla- og frístundaráð telur eðlilegt að foreldri greiði leikskólagjald samkvæmt fyrilliggjandi gjaldskrá hverju sinni og helming fæðisgjalds. Foreldri njóti eftir efnum og ástæðum þeirra afslátta sem kveðið er á um í gjaldskránni.

JK
SL

**5. 1504007 - Verlagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar
breyting apríl 2015**

Í Verlagsreglum um starfsemi leikskóla er fjallað um sumarleyfi leikskólabarna og sumarlokun. Verlagsreglurnar hafa ekki verið endurskoðaðar í ljósi 5 vikna sumarlokunar og sumarskóla. Því er lögð til breyting á grein 2.3. sem í nágildandi reglum hljóðar svo:

Barn í leikskóla skal taka 4 vikna samfellt sumarleyfi ár hvert. Óski foreldrar eftir því að taka lengra sumarleyfi en 4 vikur eða taka það það á öðrum tíma en í tengslum við sumarlokun leikskóla, skal fella niður fæðisgjald ef um er að ræða tvær vikur eða lengri fjarvistir samfellt.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að breytingu á grein 2.3. í verlagsreglum um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar sem verður svohljóðandi:

"Barn í leikskóla skal taka 4 vikna samfellt sumarleyfi ár hvert. Óski foreldrar eftir því að taka lengra sumarleyfi en lokun leikskóla varir eða taka það á öðrum tíma en í tengslum við sumarlokun skal fella niður fæðisgjald ef um er að ræða tvær vikur eða lengri fjarvistir samfellt.

Leikskóla og fæðisgjald er eingöngu fellt niður þann tíma sem sumarlokun leikskóla stendur."

6. 1409145 - Ársskýrsla sérfræðiþjónustu 2013-2014

Deildarstjóri sérfræðiþjónustu og skólaþróunar tekur saman upplýsingar um sérfræðiþjónustu skóla vegna hvers skólaárs.

Á fundinn mættu Hrönn Ríkharðsdóttir og Magnús V. Benediktsson áheyrnafulltrúar skólastjóra grunnskóla, Borghildur Birgisdóttir og Elís Þór Sigurðsson áheyrnafulltrúar starfsmanna grunnskóla mættu á fundinn kl. 17:15. Í skýrslunni kemur fram á á skólaárinu 2013-2014 höfðu sálfraðingar sérfræðiþjónusta skóla komið að málum 22% grunnskólabarna (227) og var skipting þannig að hlutur drengja var 59% og stúlkna 41%. Sálfraðingar komu að málum 61 barns í leikskóla eða 15% og þar af 44% stúlkur og 56% drengir. Talmeinafraðingur kom að málum 55 barna í leikskólunum og iðjupjálfí sinnti málum 56 leikskólabarna.

7. 1412139 - Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015

Gögn frá aðalbóka Akraneskaupstaðar um rekstur stofnana sem heyra undir skóla- og frístundasviðs fyrstu two mánuði ársins

Fjárhagsstaða skóla- og frístundasviðs lögð fram. Margrét Þóra og Guðríður viku af fundi kl. 17:34.

8. 1503155 - Grunnskólastarf 2015-2016

Á næsta skólaári 2015-2016 munu alnokkrar breytingar eiga sér stað í kjölfar nýrra kjarasamninga. Bæði er um að ræða að stöðugildum kennara mun fækka í kjölfar þess að nánast allir kennrar við grunnskólana á Akranesi afsöluðu sér kennsluafslætti og síðan mun nýtt vinnumat taka gildi frá og með næsta hausti.

Undirbúningur vegna þess mun hefjast á næstu vikum.

Málin rædd. Helgu Gunnarsdóttur sviðsstjóra falið að vinna málin áfram með Hrönn Ríkharðsdóttur skólastjóra Grundaskóla og Magnúsi V. Benediktssyni skólastjóra Brekkubæjarskóla.

9. 1502092 - Grundaskóli - sérfæði

Í greinargerðum sem borist hafa frá grunnskólunum þá eru 6 nemendur í Grundaskóla með bráðaofnæmi og 7 nemendur í Brekkubæjarskóla. Auk þeirra eru margir nemendur með fæðuóþol.

Í Grundaskóla er hægt er að velja mat út frá matseðli og sleppa þar með þeim máltíðum sem valdið geta ofnæmi. Ekki hefur verið í boði að elda sérfæði fyrir þessa nemendur.

Í Brekkubæjarskóla er reynt að taka tillit nemenda með bráðaofnæmi og borða flestir þeirra hádegismat í mótsviðum skólans(6).

Skóla- og fristundaráð felur Hrönn Ríkharðsdóttur skólastjóra að ræða við foreldra um hvaða leiðir eru færar til að koma til móts við börn með bráðaofnæmi í mótsviðum skólans.

10. 1503132 - Saman hópurinn - styrkbeiðni

Samanhópurinn hefur sótt um styrk frá Akraneskaupstað á hverju ári og hefur sú umsókn fengið jákvæða umfjöllun. Verkefnisstjóri æskulýós- og forvarna tekur þátt í starfi Samanhópsins.

Málinu er frestað til næsta fundar.

11. 1503092 - Mannfjöldaspá 2015

Vífill Karlsson hefur tekið saman mannfjöldaspá fyrir Akranes fyrir árin 2020-2025 að beiðni Akraneskaupstaðar.

Málinu er frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Kristján H. Sævarsson
Fríðildur Óða Þórhallsdóttir.
Sigrún Inga Guðnadóttir
Rakel Óskarsdóttir
Helga Gunnarsdóttir
Drala Þórhallsdóttir
, Sigríður Indnýadóttir